Fullgild rafræn undirskrift
KJARTAN GUÐMUNDSSON
2026-11-09 09:22:21 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SIGRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR
2026-11-09 09:30:38 GMT
Ástæða: Undirskrift

Umhverfis- og orkustofnun

Hólaskóli - Háskólinn á Hólum
Hólum í Hjaltadal
Sauðárkrókur 551
Ísland

6. nóvember 2026, Reykjavík
UOS-3303

Efni: Reglubundið eftirlit þann 12. október 2026 hjá Háskólanum á Hólum, Kynbóta- og rannsóknastöð í bleikjueldi

Þann 12. október 2026 fór fram reglubundið eftirlit hjá Háskólanum á Hólum, Kynbóta- og rannsóknastöð í bleikjueldi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Staða Frávika

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
gr. 3.4 í starfsleyfi	Frávik skráð: 12. október 2026 Losun mengunarefna í vatn yfir viðmiðunarmörkum *Losun köfnunarefnis og fosfórs er yfir mörkum starfsleyfis árið 2025. Reiknuð losun var 69,1 kg N/tonn og 12,8 kg P/tonn en mörk starfsleyfis eru 60 kg N/tonn og 7 kg P/tonn.* *Viðgerð á tromlusíu lauk í nóvember 2025 og annarri tromlusíu var bætt við. Tromlusían er virk og seyru er safnað. Rekstraraðili skilaði 17. desember 2025 niðurstöðum efnagreiningar á seyru og hyggst safna seyru yfir allt rekstrarárið og draga næringarefni í henni frá reiknaðri losun, sbr. gr. 4.4 b) í starfsleyfi.*	**Lokað**

gr. 3.4 í starfsleyfi	Frávik skráð: 13. ágúst 2025 Losun mengunarefna í vatn yfir viðmiðunarmörkum *Losun fosfórs er yfir mörkum starfsleyfis árið 2024. Samkvæmt gildandi starfsleyfi er losun köfnunarefnis í ferskvatn takmörkuð við 60 kg á hvert framleitt tonn og losun fosfórs við 7 kg á hvert framleitt tonn. Reiknuð losun 2023 var 59.9 kg/tonn N og 11,1 kg/tonn P.* *Viðgerð á tromlusíu lauk í nóvember 2025 og annarri tromlusíu var bætt við. Tromlusían er virk og seyru er safnað. Rekstraraðili skilaði 17. desember 2025 niðurstöðum efnagreiningar á seyru og hyggst safna seyru yfir allt rekstrarárið og draga næringarefni í henni frá reiknaðri losun, sbr. gr. 4.4 b) í starfsleyfi.*	**Lokað**
gr. 3.4 í starfsleyfi	Frávik skráð: 13. ágúst 2025 Losun mengunarefna í vatn yfir viðmiðunarmörkum *Losun köfnunarefnis og fosfórs er yfir mörkum starfsleyfis árið 2023. Samkvæmt gildandi starfsleyfi er losun köfnunarefnis í ferskvatn takmörkuð við 60 kg á hvert framleitt tonn og losun fosfórs við 7 kg á hvert framleitt tonn. Reiknuð losun 2023 var 60,4 kg/tonn N og 11,2 kg/tonn P.* *Viðgerð á tromlusíu lauk í nóvember 2025 og annarri tromlusíu var bætt við. Tromlusían er virk og seyru er safnað. Rekstraraðili skilaði 17. desember 2025 niðurstöðum efnagreiningar á seyru og hyggst safna seyru yfir allt rekstrarárið og draga næringarefni í henni frá reiknaðri losun, sbr. gr. 4.4 b) í starfsleyfi.*	**Lokað**
gr. 3.5 í starfsleyfi	Frávik skráð: 13. ágúst 2025 Við útrás þar sem fráveituvatni er veitt í viðtaka má ekki vera set, útfellingar, þekjur af rotverum, olía, froða, sorp eða aðrir aðskotahlutir, eða efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi. *Fóðurleifar fundust í viðtaka sem tengist Hjaltadalsá. Rekstraraðili hreinsaði viðtakann eftir viðgerð á tromlusíu og sendi 9. desember 2025 myndir af útrás og viðtaka þar sem ekki sjást fóðurleifar*	**Lokað**

Umhverfis- og orkustofnun

Í eftirlitinu var skráð eitt frávik og þrjú eldri frávik voru til skoðunar. Öllum frávikunum hefur verið lokað í kjölfar eftirlitsins, sbr. töfluna hér að framan. Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

Virðingarfyllst,

Kjartan Guðmundsson
Sérfræðingur í teymi eftirlits

Sigríður Magnúsdóttir
Sérfræðingur í teymi eftirlits